



## Fundargerð stjórnar SSA nr. **7** starfsárið 2012 – 2013

Fundur var haldinn í stjórn SSA fimmtudaginn 23. maí 2013 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði á Hótel Framtíð Djúpavogi. Fundarstaður: Hótel Framtíð Djúpavogi.

Mættir voru: Stefán Bogi Sveinsson, Bárður Jónasson Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

### 1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA dags. 23. apríl 2013. Fundargerð samþykkt.
- b) Framkvæmdaráðs SSA dags. 6. maí 2013. Fundargerð samþykkt.
- c) Stjórnar SSNV dags. 19. apríl 2013. Lögð fram til kynningar.
- d) Stjórnar SASS 466. Fundar. Lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar FV dags. 30. apríl 2013. Lögð fram til kynningar.
- f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 805. Fundar. Lögð fram til kynningar.
- g) Eyþings 238. 239. 240. og 241. Fundar. Lagðar fram til kynningar.
- h) Nefndar Eyþings um almenningssamgöngur 17. og 18. Fundar. Lagðar fram til kynningar.
- i) Samgöngunefndar SSA dags. 15. maí 2013. Lögð fram til kynningar.
- j) Samstarfsnefndar SSA dags. 15. maí 2013. Lögð fram til kynningar.

### 2. Almenningsamgöngur:

- a) Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að frumvarpi til laga um almenningssamgöngur. Lagt fram til kynningar.
- b) Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga við erindi frá Samkeppniseftirlitinu um kvörtun Kynniferða ehf. vegna útboðs SSS á áætlunarleiðinni Reykjavík – Flugstöð. Lagt fram til kynningar.
- c) Dómur Héraðsdóms Austurlands dags. 6. maí 2013, í máli E-69/2012.  
Stefnandi: Samband sveitarfélaga á Austurlandi.  
Stefndi: Sterna Travel ehf. Stjórnin samþykkti að áfrýja málinu til Hæstaréttar sem er í samræmi við mat lögmannna stjórnar SSA. Stjórnin samþykkti

jafnframt að fá mat annarra samstarfsaðila SSA s.s. lögmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga á áfrýjun málsins.

### 3. Aðalfundur SSA 2013:

- a) Fyrirkomulag aðalfunda. Sigrún Blöndal fór yfir tillögur að spurningum í skoðanakönnun um fyrirkomulag aðalfunda SSA, sem lagðar verða fyrir sveitarstjórnarmenn á starfssvæði SSA. Aðalfundur SSA 2012 samþykkti að gera skoðanakönnun meðal sveitarstjórnarmanna um breytt fyrirkomulag aðalfunda.
- b) Drög að dagskrá aðalfundar 2013. Samþykkt að halda vinnufund um málefni aðalfundar fyrstu vikuna í júlí nk. á Skriðuklaustri.
- c) Ársskýrsla –fjárhagsáætlun. Fulltrúi sveitarstjórnarmála semur drög að ársskýrslu ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár SSA . Fjárhagsáætlunin verður unninn í samvinnu við fjármálastjóra Austurbrúar.
- d) Tilnefning til menningarverðlauna. Fulltrúi sveitarstjórnarmála mun leita eftir tillögum að tilnefningum til menningarverðlauna 2013.
- e) Minningarsjóður Ragnildar Bjargar Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar. Samþykkt var að fulltrúi sveitarstjórnarmála auglýsi eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum eins og kveðið er á um í skipulagsskrá.
- f) Endurskoðun samþykpta SSA. Samþykkt var að leggja drögin fyrir aðalfund.
- g) Drög að samþykktum fyrir samgöngunefnd. Samþykkt var að leggja drögin fyrir aðalfund.
- h) Drög að samþykktum fyrir samstarfsnefnd. Samþykkt var að leggja drögin fyrir aðalfund.

### 4. Bréf til stjórnar SSA frá:

- a) Kynnt var bréf frá formanni starfshóps um refa- og minkaveiða þar kemur fram að málið sé í vinnslu á vegum nefndar í Umhverfisstofnun. Formaður mun kalla nefndina saman þegar niðurstaða liggur fyrir hjá nefnd Umhverfisstofnunar sem mun skila álitum fyrir 1. október nk.

### 5. Önnur mál:

- a) Niðurstöður umræðuhópa á XXVII. landsþingi sambandsins sem haldið var 15. mars 2013. Lagt fram til kynningar.
- b) Störf á vegum ríkisins á Vesturlandi. Lagt fram til kynningar.
- c) Málefni Atvinnuþróunarsjóðs. Boðað verður til aðalfundar sjóðsins 7. júní nk.
- d) Staða á verkefnum Sóknaráætlunar 2013. Fulltrúi sveitarstjórnarmála kynnti drög að þjónustusamningi milli Austurbrúar og SSA um framkvæmd verkefna Sóknaráætlunar Austurlands. Samþykkt að Ólafur Áki Ragnarsson verði tengiliður stjórnar SSA við Austurbrú um framkvæmd verkefna á vegum Sóknaráætlunar Austurlands.
- e) Formaður fór yfir bréf frá bæjarstjóra Seyðisfjarðar varðandi samþykktir aðalfundar SSA um samgöngumál. Málið rætt.

- f) Rætt var um málefni innanlandsflugs, þá sérstaklega aukinn kostnað við legginn Reykjavík –Egilsstaðir. Fundarmenn töldu að kostnaður við innanlandsflug væri komið að þolmörkum þess að almennur íbúi geti nýtt sér flug sem ferðamáta.
- g) Samþykkt var að óska eftir fundi með yfirmönnum Ríkisútvarpsins um málefni svæðisútvarps.
- h) Formaður kom inn á mikilvægi þess að skýrsla Þóroddar Bjarnasonar og Jón Þorvaldar Heiðarsson um Ríkisútgjöld og tekjur ríkisins á Austurlandi og Norðurlandi eystra fái frekari kynningu og umfjöllun á vegum samtakana.
- i) Rætt var um stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Ákveðið var að senda Ríkisstjórninni bréf þar sem stjórn SSA lýsir yfir þeim vilja sínum að samtökin komi að málum sem fjalla um byggðamál og styrkingu sveitarstjórnarstigsins.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 17:25

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.